

Landfylling og höfn fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar á Álfnesi Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 26. ágúst 2019 lagði Björgun ehf. fram frummattskýrslu um athafnasvæði Björgunar við Álfsvík, Reykjavík, til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummattskýrslan voru auglýst opinberlega þann 30. ágúst 2019 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummattskýrsla lá frammi til kynningar frá 30. ágúst til 11. október 2019 á skrifstofum Reykjavíkurborgar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummattskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar. Þann 18. september 2019 hélt Björgun ehf. kynningarfund í Borgartúni 14 um framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum hennar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

Þann 11. desember 2019 lagði Björgun ehf. fram matsskýrslu og óskaði eftir álíti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar með bréfi dags. 12. desember 2019.

1.2 Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: Landfylling og höfn fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar á Álfnesi

Mat á umhverfisáhrifum - Frummattskýrsla. Björgun, Alta, ágúst 2019.

Sérfræðiskýrslur með frummattskýrslu:

- Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfnesvík Þerneyjarsundi. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, 2018.
- Elliðaár og Leirvogsá. Farleiðir laxfiska á ósasvæðum - kynning. Hafrannsóknastofnun. Friðbjófur Árnason og Hlynur Bárðarson, 2019.
- Álfnesvík. Dreifing fínefna frá fyrirhugaðri starfssemi Björgunar við Álfnesvík. Verkfræðistofan Vatnaskil. Gísli Steinn Pétursson, Helgi Gunnar Gunnarsson og Sveinn Óli Pálmarsson, 2019.
- Flutningur Björgunar í Álfnes. Hljóðvistarútreikningar. VSÓ ráðgjöf. Grétar Mar Hreggvíðsson, 2019.
- Botndýr í Þerneyjarsundi. Rorum og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum. Guðmundur V. Helgason, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls og Þorleifur Eiríksson, 2019.
- Áhrif fyrirhugaðrar landfyllingar Björgunar í Álfnesvík á strönd Þerneyjar. Minnisblað. Verkfræðistofan Vatnaskil. Helgi Gunnar Gunnarsson og Sveinn Óli Pálmarsson, 2019.
- Mælingar við Þerney. Köfunarþjónustan ehf. Kjartan Thors, 2017.
- Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar landfyllingar og dýpkunar í Álfnesvík í Kollafirði. Ragnar Edvardsson, 2018.



- Minnisblað - Aðstaða Björgunar í Álfnesvík. Öldufarsathugun og umsögn um tillögu að aðstöðu Björgunar í Álfnesvík. Vegagerðin. SS og IEJ, 2018.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Reykjavíkurborg með bréfi dags. 5. september 2019
- Fiskistofu með bréfi dags. 25. september 2019
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 8. október 2019
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 19. september 2019
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 11. október 2019
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 24. október 2019
- Samgöngustofu með bréfi dags. 25. september 2019
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. október 2019

Eftirtaldir sendu athugasemdir á kynningartíma frummatsskýrslu:


- Kajakkþúbburinn með bréfi dags. 10. október 2019
- Veitur með bréfi dags. 11. október 2019 og minnisblaði dags. 4. nóvember 2019

Matsskýrla: Landfylling og höfn fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar á Álfnesi. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrla. Björgun, Alta, desember 2019.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að Björgun undirbúi að flytja starfsemi sína frá Sævarhöfða í Reykjavík að Álfnesvík á Álfnesi á svæði sem er að hluta á landi og að hluta á nýrri landfyllingu. Þar verði viðlegukantur fyrir skip og dýpka þarf innsiglingu. Bráðabirgðavegtenging, þar til Sundabraut verði lögð, verði að svæðinu að norðan með ströndinni frá Víðinesvegi og verður lengd vegarins um 470 metrar.

Fram kemur að efnisþörf í landfyllingu, sem er um 4,1 ha að stærð, sé um 435.000 m³ og verði efni fengið með skeringum á landi og við dýpkun innsiglingar auk efnis frá athafnasvæði Sorpu í skiptum fyrir jarðveg frá framkvæmdasvæðinu. Gert sé ráð fyrir viðlegukanti með allt að 130 metra löngu bili. Skip Björgunar sæki sand og malarefni í nánum á sjávarbotni sem verði landað á nýtt athafnasvæði til frekari vinnslu. Þar til gerður verður varanlegur viðlegukantur verði efninu landað um rör úr skipum sem liggi við akkeri utan við landfyllinguna.



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaðar framkvæmdir Björgunar við Álfsnesvík, svæði fyrir landfyllingu og athafnasvæði á landi ásamt legu bráðabirgðavegar og dýpkunarsvæði.

Í matsskýrslu kemur fram að markmið framkvæmdarinnar sé að útbúa land fyrir efnisvinnslusvæði vegna mannvirkjagerðar með góðu athafnasvæði og aðgengi frá sjó. Svæðið sé sem næst þéttbýli höfuðborgarsvæðisins. Flutningur Björgunar í Álfsnesvík sé forsenda þess að fyrirtækið geti haldið áfram starfsemi sinni.

2.1 Framkvæmdalýsing

2.1.1 Valkostir við staðsetningu

Í matsskýrslu kemur fram að í tillögu að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins hafi verið farið yfir sex valkosti fyrir mögulega staðsetningu starfsemi Björgunar við strandlengju Reykjavíkur. Þessir staðir voru Sundahöfn, Gufunes, Geldinganes, Álfsnesvík, við Álfsnesbæinn og á Álfsnesi við Kollafjörð. Áhrif framkvæmdarinnar á eftirtalda umhverfisþætti voru skoðuð; landslag, útvist, dýra og plöntulíf, ásýnd, menningarminjar, mengun og truflun, náttúrvá, samspli við nærsvæði, náttúrulegar aðstæður, samgöngur, grunnkerfi og stærð svæðis. Samkvæmt matsskýrslu er það rökstudd niðurstaða Reykjavíkurborgar og Björgunar að staðsetning á Álfsnesi sé besti kosturinn vegna fjarlægðar frá byggð þó gera megi ráð fyrir áhrifum á landslag og áhrifum vegna aksturs og uppbyggingar grunnkerfis. Á Álfsnesi sé besti kosturinn við Álfsnesvík, þar séu náttúrulegar aðstæður til landmótunar hagstæðastar og betri hafnaraðstaða m.t.t. veðuraðstæðna. Staðsetning við Álfsnesvík sé ekki gallalaus, þar þurfi að raska nær óröskuðu landi en náttúra og landslag séu ekki talin hafa ríka sérstöðu eða útvistargildi. Við útfærslu framkvæmda þurfi að lágmarka áhrif á minjar eins og kostur sé.

2.1.2 Landfylling í Álfsnesvík

Í matsskýrslu kemur fram að tæknileg skilyrði annars vegar t.d. dýpi við viðlegukant, var fyrir úthafsöldu, landþörf og efnisjafnvægi og staðsetning minja hins vegar, valdi því að ekki sé um eiginlega valkosti að ræða fyrir afmörkun landfyllingarinnar.



Við gerð tillagna að svæðis-, aðal- og deiliskipulagi hafi komið skýrt fram sú afstaða Minjastofnunar að hlífa ætti minjum við Sundakot, fiskibyrgjum á holtinu norðan við framkvæmdasvæðið og minjasvæði Glóru. Ákvörðun um afmörkun lóðarinnar inn til landsins sé tekin út frá því.

Miðað er við að lóðin verði jafnstór og lóð Björgunar við Sævarhöfða eða 7,5 ha. Stór hluti þess svæðis fer undir efnisþró og setlón sem eru nauðsynleg til að koma í veg fyrir að grugg berist út á sjávarbotn. Einnig er miðað við að efni úr skeringum á landi nýtist í fyllingu og ekki þurfi að flytja efni langt að til landgerðar.

2.1.3 Aðkoma að athafnasvæðinu

Í matsskýrslu kemur fram að notast þurfi við bráðabirgðaveg þar til Sundabraut verði lögð, eins og áformað sé í aðalskipulagi en tenging við hana hafi ekki verið hönnuð. Bráðabirgðavegurinn verði skv. deiliskipulagi um 7,0 m breiður á malarfyllingu og tekið tillit til minjavendar. Gert er ráð fyrir að fjarlægja megi hann þegar hans verður ekki lengur þörf og að efni í hann verði fengið á athafnasvæði Sorpu.

Bornir voru saman fjórir kostir á legu bráðabirgðavegar. A í legu Sundabrautar og tenging að sunnanverðu. B í legu Sundabrautar og tenging að norðanverðu. C með strönd til norðurs og yfir gömul tún í landi Glóru. D með strönd til norðurs niðri við tjörnina.

Áhrif veglagningar á eftirtalda umhverfisþættir voru skoðuð. Náttúrufar, loftgæði, samfélag og auðlindir. Vegur eftir leiðum C og D geti m.a. varið fiskibyrgi fyrir rofi, en það er í fornminjaskráningu metið í hættu vegna strandrofs. Samkvæmt matsskýrslu er það niðurstaða Reykjavíkurborgar og Björgunar að leið D sé besti kosturinn, sé stysta leiðin, hafi minnst áhrif á loftgæði og auðlindir og raski ekki minjum. Staðsetning á leið D sé ekki gallalaus og hafa þurfi aðgát við minjasvæði og við tjörn með ríkulegu fuglalífi.

Framkvæmdin sé afturkræf þar sem veginn megi fjarlægja þegar Sundabraut komi og geti strandlengjan þá fengið tíma til að jafna sig og ná náttúrulegu jafnvægi á ný. Tenging að Vífunesvegi er yfir tún utan minjaheildar Glóru.

2.1.4 Umsagnir og athugasemdir

Umhverfisstofnun metur það sem svo að neikvæð áhrif röskunar tjarnarinnar vegi meira en áhrif á óraskað land á leiðum A og B, þar sem þar er ekki að finna gróður né jarðminjar með sérstakt verndargildi. Einnig er vísað til þess að Náttúrufræðistofnun telji tjörnina mikilvæga fyrir fuglalíf og líklegt að umferð ónáði fugla á og við tjörnina. Leið D hafi mest neikvæð áhrif og leggur stofnunin til að kostir A eða B verði valdir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann er ósammála Umhverfisstofnun og fellst ekki á að endurbygging vegar við tjörnina sé líkleg til að hafa verulega neikvæð áhrif á fuglalíf né skerði sjávarlonið verulega. Valkostur D taki best tillit til minja og miði við að raska ekki minjaheild næst bæjarstæði Glóru sem sé í samræmi við breytingatillögu aðalskipulags og deiliskipulagstillögu. Neikvæð áhrif á minjaheild Glóru vegi meira en neikvæð áhrif á nærsvæði tjarnar/sjávarlóns. Ennfremur er bent á að á leiðum A og B þyrfti skeringu frá plani og upp á hálsinn sem auki jarðrask verulega.

2.1.5 Löndun jarðefna og varnir gegn losun sets í sjó

Í matsskýrslu kemur fram að seti (möl og sandi) er dælt úr skipi, með sjóblöndun, í land í efnisþró þar sem það fær tíma til að setjast. Þá er sjónum hleypt um lögn yfir í setlón þar sem restin af fínefnunum sest til og verður leitast við að nýta efnið þannig að lónið fyllist ekki.



2.1.6 Núllkostur

Í umfjöllun um núllkost kemur fram að ef enginn af tilgreindum staðarvalskostum kemur til greina myndi það leiða til þess að fyrirtækið þyrti að hætta vinnslu. EKKI sé talið raunhæft að staðsetja fyrirtækið utan höfuðborgarsvæðisins vegna fjarlægðar í nánum sem fyrirtækið vinnur úr á hafsbotni, en þær eru á sundunum, í Kollafirði og Hvalfirði. Bent er á að nú, þegar ekki sé hægt að sækja steypuefni til Björgunar á Sævarhöfða sé það sótt í Melasveit (37,5 km frá afleggjara á Álfnesi) eða Hólabrú í Hvalfjarðarsveit (22 km). Miðað við að efnismagn á ári geti verið 200.000 m³ gæti þessi akstur verið rúmlega milljón km og yki mjög þungaumferð um Kjalarnes.

Niðurstaða

Fram kemur í matsskýrslu að skoðaðir hafi verið 6 staðsetningarvalkostir fyrir athafnasvæðið útfrá nokkrum umhverfisþáttum og er það niðurstaða framkvæmdaraðila að valið svæði við Álfnesvík sé best til fallið. Einnig voru skoðaðir valkostir fyrir legu bráðabirgðavegar. Skipulagsstofnun telur að umfjöllun um valkosti sé fullnægjandi.

3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu Björgunar og Alta er lagt fram mat á áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþáatta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð áhrif og verulega jákvæð áhrif. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 4 í leiðbeiningunum og í kafla 4.3 í matsskýrslunni. Í þessu álti notar Skipulagsstofnun einnig vægiseinkunnina nokkuð neikvæð áhrif. Nokkuð neikvæð áhrif eiga við um staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin geta verið varanleg og óafturkræf.

3.1 Landslag og ásýnd

3.1.1 Mat Björgunar ehf

Í matsskýrslu Björgunar ehf. kemur fram að fyrirhuguð landfylling verði á óröskuðu haf- og strandsvæði og austurhluti lóðar á landi verði lægri en landið umhverfis sem dragi úr áhrifum á ásýnd. Svæðið sé láglent, hafi engin áberandi landslagseinkenni og sjáist lítið eða ekkert frá þéttbýli Mosfellsbæjar. Svæðið sjáist frá urðunarsvæði Sorpu og Álfnesbænum og einnig vel frá Þerneyjarsundi og Þerney, sem er á náttúruminjaskrá, en þar séu mjög fáir á ferli.

Í deiliskipulagstillögu komi fram að Reykjavíkurborg skuli koma fyrir belti af trjám og runnum á lóðamörkum og framkvæmdaraðili skerma starfsemina af með jarðvegsmönnum.

Niðurstaða Björgunar ehf. um áhrif á landslag og ásýnd

Björgun ehf. telur að gerð landfyllingar og landmótun lóðar á landi muni hafa bein neikvæð, varanleg og óafturkræf áhrif á landslag og ásýnd. Áhrifin verði á litlu svæði þar sem verndargildi jarðmyndana og landslags er talið óverulegt og áhrifin því óveruleg. Bráðabirgðavegur muni liggja um lítið, afmarkað svæði og framkvæmdin afturkræf og áhrif því óveruleg.

3.1.2 Umsagnir og athugasemdir

Í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er bent á að framkvæmdasvæðið muni sjást vel frá Geldinganesi, en fjarlægðin sé þó 2 km, en best blasa við frá Þerney. Í skýrslunni sé komist að því að framkvæmdin hafi ekki áhrif á ásýnd hennar og landslag og bent á að í Þerney séu fáir á ferli og því séu umhverfisáhrif metin óveruleg. En eins og fram komi í gögnum sé Þerney á C-



hluta náttúruminjaskrár, hverfisvernduð og hafi náttúruverndargildi þráttr fyrir að fáir séu á ferli. Áhrif framkvæmdarinnar á gildi eyjunnar sem útvistar- og náttúrusvæðis hljóta að teljast neikvæð. Samþykkt stefnumörkun geri ráð fyrir Sundabraut og í byggingu sé gas- og jarðgerðarstöð í næsta nágrenni og því megi segja að það liggi fyrir að ganga eigi á virði eyjunnar og ekki óeðlilegt að taka tillit til þess í matinu.

Í svörum Björgunar kemur fram að framkvæmdin muni ekki hafa bein áhrif á Þerney eða þætti er varða verndargildi og skráningu hennar á C hluta náttúruminjaskrár. Ásýnd eyjunnar og landslag verði ekki fyrir beinum áhrifum af framkvæmdinni.

Umhverfisstofnun telur að nokkuð verndargildi felist í ósnortnu strandsvæði í nágrenni höfuðborgarinnar og þó það sé fáfarið nú verði það komið í alfaraleið með tilkomu Sundabrautar. Framkvæmdin hafi því verulega neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins auk þess að skerða útvistargildi þess til framtíðar.

Framkvæmdaraðili getur ekki tekið undir að áhrif framkvæmdarinnar verði veruleg og telur að þó Sundabraut bæti aðgengi dragi hún enn frekar úr útvistargildi svæðisins.

3.1.3 Niðurstaða

Með framkvæmdinni mun óraskað svæði raskast, bæði vegna landfyllingar, dýpkunar og landmótun lóðar. Heildarrask vegna framkvæmdarinnar verður 3,4 ha á landi og 4,1 ha vegna landfyllingar, í heild um 7,5 ha. Ljóst er að ásýndarbreytingar munu verða bæði vegna landmótunar og landfyllingar en þar sem athafnasvæðið er grafið niður eiga ásýndaráhrif eftir að vera minni en ella. Engu að síður er ljóst að nær óraskað land- og fjörusvæði mun taka á sig mynd iðnaðar- eða athafnasvæðis með tilheyrandí ásýndarbreytingum. Í matsskýrslu kemur fram að það megi gera ráð fyrir allt 12 m háum efnishaugum á svæðinu sem muni sjást víðar að. Mun athafnasvæðið breyta talsvert ásýnd landsvæðisins séð frá Þerney og nálægum stöðum á Álfnesinu en jafnframt einnig hluta af Geldinganesi sem er vinsælt útvistarsvæði samkvæmt matsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og landslag eigi eftir að vera nokkuð neikvæð, bein og óafturkræf.

3.2 Lífríki í fjörum og sjó

3.2.1 Mat Björgunar ehf

Fjörur, sjávarbotn og botndýralíf

Í matsskýrslu Björgunar ehf. kemur fram að fjaran sé fremur grýtt þangfjara og hallalítill og lífríki svipað og finnst víða á Suðvesturlandi, lengra frá landi sé að stórum hluta finn skeljasandur sem verður leðjubornari eftir því sem dýpi eykst. Botninn sé hallalítill og án afgerandi náttúrumyndana. Samkvæmt nýrrri könnun séu botndýrasamfélög í Þerneyjarsundi tegundaauðug en þéttleiki frekar lítill og ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða líklegt að svæðið sé á einhvern hátt sérstakt hvorki fyrir Faxaflóa né á landsvísu. Landfyllingen mun hylja varanlega fjöru og botnset og dýpkun raska sjávarbotni en áhrif bráðabirgðavegar verða að öllum líkindum afturkræf þar sem gert er ráð fyrir að hann verði fjarlægður með tilkomu Sundabrautar. Gert er ráð fyrir að verklag við löndun efna úr sjó valdi ekki að grugg setjist á sjávarbotn.

Niðurstaða Björgunar ehf. um áhrif á fjörur, sjávarbotn og botndýralif

Áhrif dýpkunar og landfyllingar á vistkerfi og búsvæði innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru talin bein og neikvæð. Verndargildi botndýralífs er fremur lítið og áhrif því metin óveruleg.

Laxfiskar

Í matsskýrslu Björgunar ehf. kemur fram að mynni Leiruvogs liggur við Þerneyjarsund og í voginn renna Leirvogsá, Kaldakvísl og Úlfarsá en lax og sjóbirtingur veiðist í Leirvogsá og Úlfarsá.



Hafrafnssóknastofnun hefur unnið fyrir Reykjavíkurborg að rannsókn á farleiðum laxfiska um ósasvæði Leirvogsá og í kynningu á niðurstöðum kom fram að ekkert laxaseiði og fáir sjóbirtingar fóru fram hjá dufli sem var staðsett milli Þerneyjar og Álfssness. Þar er því ekki meginleið seiða frá Leirvogsá. Merktir voru fullorðnir nýgengnir fiskar í Leirvogsá og Elliðaáum, sleppt í sjó og fylgst með því hvernig þeir gengu aftur upp árnar. Áhugavert er að lax úr Elliðaáum sem sleppt var við Gróttu fór um Þerneyjarsund á leið sinni aftur upp í ána. Hlutfallslega dvelji laxfiskar mjög stuttan tíma innan hlustunarsviðs dufls á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Álfssnes.

Niðurstaða Björgunar ehf. um áhrif á laxfiska

Áhrif dýpkunar og landfyllingar á laxfiska eru líklega lítil. Áhrifin eru því metin óveruleg.

3.2.2 Umsagnir og athugasemdir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur að skýrt þurfi að vera að nægt rými verði fyrir fleiri lón eða aðrar lausnir ef gruggmyndun verði meiri en búist sé við á framkvæmda- og rekstrartíma, en fram komi að lóðin verði jafn stór og núverandi lóð við Sævarhöfða þar sem hafi orðið mikil set- og gruggmyndun og ekki landrými til að tryggja hreinsun.

Í svörum Björgunar kemur fram að ef miðað sé við að 200.000 m³ af efni komi á land á ári og 3% sleppi úr efnisþró yfir í setþró, þá eru það um 6.000 m³ á ári. Miðað við það magn tæki það setlónið um 18 ár að fyllast sem sé ólíklegt því nýta eigi efnið eins og kostur sé. Í framtíð verði efninu e.t.v. ekki dælt á land og þá minnki þörf fyrir setlón. Gert sé ráð fyrir að lónin verði um 2,15 ha og rúmur helmingur setlón, en var 0,7-1,2 ha við Sævarhöfða og setlón allt niður í 0,2 ha.

Umhverfisstofnun bendir á að klóbangsfjörur hafi mjög hátt verndargildi og séu um 7% af fjörum á Íslandi, en ekki 25% eins og segi í frummatsskýrslu. Stofnunin fallist ekki á þá röksemdafærslu að klóbangsfjörivist sé það algeng að verndargildi hennar sé takmarkað. Gerð landfyllingar mun hafa neikvæð, varanleg og óafturkræf áhrif á fjöruna og hefur því framkvæmdin talsvert neikvæð áhrif á lífríki í sjó.

Í svörum framkvæmdaraðila er hlutfall klóbangsfjara leiðrétt, það er 7%. Tekið er fram að umfjöllun í frummatsskýrslu byggi á mati sérfræðinga sem fengnir voru til að fjalla um fjörulífið og bent á að Náttúrufræðistofnun geri ekki athugasemdir við þá umfjöllun. Vísað er í sérfræðiskýrslu RORUM þar sem segi að "ekki fundust sjaldgæfar tegundir á svæðinu og ekki er líklegt að svæðið sé á einhvern hátt sérstakt hvorki fyrir Faxaflóa eða landið allt".

3.2.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af verndargildi klóbangsfjara að áhrif framkvæmdarinnar á fjörur kunni að verða talsvert/nokkuð neikvæð, bein og óafturkræf þar sem rask af völdum framkvæmdarinnar verði á stórum hluta fjörunnar á svæðinu. Áhrif á botndýralíf og sjávarbotn munu verða nokkuð neikvæð, bein og óafturkræf með tilliti til umfangs rasks sem verður á botni við Þerneyjarsund. Með hliðsjón af framlögðum gögnum og umsögnum telur Skipulagsstofnun að áhrif efnislosunar á lífríki sjávar í og við athafnasvæðið verði óveruleg af því gefnu að virkni setlóns verði eins og áætlað er og grugg sleppi ekki úr setlóni. Til að tryggja að áhrif efnislosunar á Leiruvog og Blikastaðakró verði lágmörkuð telur Skipulagsstofnun mikilvægt að grugg verði vaktað og að gripið verði til aðgerða verði virkni setlóns ekki fullnægjandi. Í matsskýrslu nefnir framkvæmdaraðili mögulegar aðgerðir til að draga úr gruggmyndun, þ.e. að koma fyrir sandlagi eða leggja geotextíldúk sem síu. Að mati Skipulagsstofnunar er rétt að í starfsleyfi verða ákvæði um mótvægisæðgerðir ef vöktun gefur tilefni til.

Skipulagsstofnun telur útfrá fyrilliggjandi gögnum og umsögnum að áhrif á laxfiska verði óveruleg.



3.3 Lífríki á landi

3.3.1 Mat Björgunar ehf

Gróður

Í matsskýrslu Björgunar ehf. kemur fram að gróðurfar á athugunarsvæðinu teljist ekki einstakt á landsvísu, gróðurfélög algeng og votlendi í Fornugröfum sem raskast undir 2 ha. Við tjörn sem bráðabirgðavegur liggur við fannst Kattarjurt, sem er fremur sjaldgæf votlendisjurt og í nágrenni tjarnarinnar fannst einnig Laugabréða sem er sjaldgæf á landsvísu en er algeng á Suðvesturlandi. Bráðabirgðavegur muni fara um framræst mólendi og er þar að mestu grasmóavist.

Niðurstaða Björgunar ehf. um áhrif á gróður

Öll gróðurbækja verður tekin af lóð Björgunar. Jarðvegur verður nýttur á urðunarsvæði Sorpu og svarðlag í jarðvegsmanir umhverfis lóð Björgunar. Bráðabirgðavegur mun raska framræstu mólendi. Áhrif á vistkerfi og búsvæði eru talin vera bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf en vægi er talið óverulegt því gróður er ekki talinn fágætur.

Fuglar

Í matsskýrslu Björgunar ehf. kemur fram að samkvæmt athugun á fuglalífi á Álfnesi 2008 er fuglalíf þar nokkuð fjölbreytt, einkum við tjörn neðan við bæinn í Álfnesi, í myrlendi umhverfis tjörnina og á malarkambi milli tjarnarinnar og sjávar. Mófuglar séu einkennandi fyrir þann hluta athugunarsvæðisins sem er næst lóð Björgunar.

Vísbendingar í rannsókninni eru að ekki sé fyrirsjáanlegt að stofnum fugla á válista stafi hætta af gerð landfyllingar og hafnargerðar í Álfnesvík.

Á fundi með fulltrúa Náttúrufræðistofnunar (júní 2019) kom fram að fyrirliggjandi gögn um fuglalíf á svæðinu ættu að vera fullnægjandi. Tjörnin neðan við Álfnesbæinn hafi staðbundið mikilvægi, þar er fuglalíf fjölskrúðugt og sjávarlón eru orðin fá við strendur Reykjavíkur. Óæskilegt væri að byggja upp veg á þessum kafla því það myndi raska tjarnarbakkanum.

Niðurstaða Björgunar ehf. um áhrif á fugla

Lagning bráðabirgðavegar mun skerða nærsvæði tjarnar við Álfnesvík á 40 m kafla en við tjörnina er fjölbreytt fuglalíf. Áhrifin eru staðbundin og taka til lítils afmarkaðs svæðis og eru því talin óveruleg.

3.3.2 Umsagnir og athugasemdir

Umhverfisstofnun bendir á að tvær sjaldgæfar votlendiplöntur hafi fundist við tjörnina í Álfnesvíkinni, Kattarjurt (*Rorippa islandica*) og Laugabréða (*Callitriches stagnalis*) ásamt því að grasengjavist, grasmóavist, língresis- og vingulvist og snarrótarvist muni fara undir lóð og bráðabirgðaveg, en allar þessar vistgerðir hafi hátt verndargildi.

Framkvæmdaraðili bendir á að hvorki Kattarjurt né Laugabréða séu á válista, tegundirnar séu sjaldgæfar en ekki metnar í hættu. Náttúrufræðistofnun geri enga athugasemd um umfjöllun frummatsskýrslu um plöntur eða vistgerðir og áhrif framkvæmdarinnar á þær. Vistgerðir sem Umhverfisstofnun bendir á séu allar útbreiddar samkvæmt upplýsingum af vef Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt sé að í endanlegri matskýrslu verði rannsókn á fuglalífi á svæðinu borin saman við núverandi válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í skýrslunni komi fram að fulltrúum Ní hafi á fundi verið bent á að settjörnin væri mikilvæg, sem komi fram í valkostaumræðu. Einnig komi sérstaklega fram að Náttúrufræðistofnun telji óæskilegt að byggja upp veg sem raski tjarnarbakkanum. Vegur og umferð á tjarnarbakkanum og að hluta á uppfyllingu



út tjörnina mun líklega hafa neikvæð áhrif á fuglalíf í tjörninni. Umhverfisstofnun telur því að framkvæmdin muni hafa talsvert neikvæð áhrif á lífríki á landi.

Framkvæmdaraðili bendir á að samanburður við uppfærðan válista fyrir fugla breyti ekki niðurstöðu matsskýrslunnar. Umferð til og frá svæðinu sé áætluð um 20 bílar á klukkustund á 8 klukkustunda vinnudegi.

Samantekið er það mat framkvæmdaraðila að framkomnar athugasemdir UST breyti ekki niðurstöðu framkvæmdaraðila um að áhrif á lífríki á landi verði óveruleg neikvæð.

3.3.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur ljóst að framkvæmdin hafi nokkuð neikvæð, bein og óafturkræf áhrif á gróður á framkvæmdarsvæði. Á hluta þess svæðis sem og á því svæði sem raskast vegaraðar er að finna bæði vistgerðir með hátt verndargildi og sjaldgæfar jurtir. Einnig telur Skipulagsstofnun að vegna staðsetningar bráðabirgðavegar við sjávarlón sem hefur staðbundið mikilvægi fyrir fugla séu áhrif á fuglalíf óviss en líklegt sé að þau verði nokkuð neikvæð, bein og mögulega óafturkræf.

3.4 Straumar

3.4.1 Mat Björgunar ehf

Í matsskýrslu Björgunar ehf. kemur fram að stillt hafi verið upp öldusveigjulíkani og áhrif landfyllingarinnar á öldu könnuð fyrir veðuratburði með um 1 árs endurkomutíma miðað við vestlægar áttir og áhrif á sjávarfallastruminn könnuð í straumlíkani.

Þar sem Þerney sé hverfisvernduð og á C- hluta Náttúruminjaskrár, var sérstaklega skoðað hvort framkvæmdin væri líkleg til að hafa áhrif á strönd eyjunnar með breyttu öldufari. Niðurstaðan sé að landfylling í Álfnesvík geti breytt öldubroti og öldum í nágrenni hennar en að engin breyting sé líkleg til að verða á straumi við strönd Þerneyjar, en þar geti orðið breytingar á ölduhæð og skerspennu. Við malarströnd á austurenda Þerneyjar geti álag aukist en ströndin sé hins vegar svo gróf að ólíklegt sé að rof muni aukast og ekki sé búist við neinum breytingum á sjávarfallastrumum sem geti haft áhrif á strönd eyjunnar.

Niðurstaða Björgunar ehf. um áhrif á strauma

Áhrif dýpkunar á strauma og öldur séu talin óveruleg eða engin. Landfylling geti leitt af sér aukið öldubrot á um 160 m kafla við strönd Þerneyjar en vægi áhrifa sé talið óverulegt, því aukið öldubrot sé ekki líklegt til að valda rofi á grýttri fjörunni sem þar er.

3.4.2 Umsagnir og athugasemdir

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin telji eðlilegt að fylgst verði með því hvort niðurstöður frummattsskýrslu um áhrif á Þerney reynist réttar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að rannsóknir bendi til að aukið rof verði á um 160 m kafla við strönd Þerneyjar en að líkur á rofi séu það litlar vegna þess hve gróf ströndin sé að ekki sé ástæða til vöktunar á Þerney.

Í frekara svari Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin telji eðlilegt að fylgst sé með hvort breytingar verði á Þerney þó að niðurstaða framkvæmdaraðila sé að ekki sé líklegt að breytingar verði áeynni. Þerney liggi í næsta nágrenni við athafnasvæðið og því ætti vöktun á áhrifum á eyna að vera tiltölulega fyrirhafnarlítill.

3.4.3 Niðurstaða

Útfrá fyrirliggjandi upplýsingum um straummælingar úr matsskýrslu framkvæmdaraðila telur Skipulagsstofnun að breytingar á straumum í Þerneyjarsundi verði óverulegar, straumhraði um



sundið eigi eftir að aukast að einhverju leyti en ekki þannig að áhrifin verði mikil. Stofnunin telur að áhrif vegna aukinnar ölduhæðar og skerspennu sé óvissu háð og tekur stofnunin undir með Náttúrufræðistofnun að eðlilegt sé að fylgst verði með að áhrifum þessa aukna álags og að vöktun ætti að vera tiltölulega fyrirhafnarlítil vegna nálægðar áhrifasvæðis við áætlað athafnasvæði. Í matsskýrslu kemur fram að það verði aukin áhrif á vissa staði Þerneyjar en líkanaútreikningar benda til að áhrifin verði óveruleg.

3.5 Menningarminjar

3.5.1 Mat Björgunar ehf

Í matsskýrslu Björgunar ehf. kemur fram að fornleifaskráning hafi farið fram á vestanverðu Álfnesi. Við afmörkun framkvæmdasvæðisins sé tekið tillit til þess að raska hvorki megin minjasvæðinu næst bænum Glóru, fiskibyrgjunum á höfðanum þar við, né svæðinu við Sundakot, sem er suður af framkvæmdasvæðinu. Fiskibyrgin séu ógreinilegar rústir. Innan framkvæmdasvæðisins séu tvær skráðar minjar; markaþúfa, sem sé horfin og mógröf í mýri sem nefnist Fornugrafir. Ummerki eftir mógrafir séu ennþá greinanleg en minjagildið felist aðallega í vitneskju um að mór hafi verið tekinn á staðnum.

Bent er á að Minjastofnun hafi komið fram með það sjónarmið á skipulagsstigi að minjar á svæðinu við Þerneyjarsund myndi þrjár minjaheildir; Glóru, Sundakot og kauphöfn við Þerneyjarsund. Afmörkun framkvæmdasvæðisins taki mið af minjaheild við Sundakot og Glóru og fari ekki inn á þær og áætluð lega bráðabirgðavegar verði í jaðri minjaheildar Glóru.

Afmörkun Þerneyjarsundskauphafnar byggist á því að tengsl séu milli kauphafnarinnar í landi Sundakots og fiskibyrgjanna á holtinu. Borgarsögusafn telji það t.a.m. líklegt. Vísað er til þess að Kristján Eldjárn hafi í grein (1980) talið að fiskibyrgin á höfðanum séu ekki hluti af minjum kauphafnarinnar og veki það spurningu um þau tengsl. Lóð Björgunar og framkvæmdasvæði verði innan minjaheildar Þerneyjarsundskauphöfn. Niðurstaða fornleifakönnunar í sjó sé að þar séu ekki vísbendingar um að fornleifar finnist á framkvæmdasvæðinu.

EKKI verði hægt að komast hjá raski á mógröfunum og þarf að sækja um leyfi til Minjastofnunar Íslands vegna þess. Meðan á framkvæmdum standi verði merkt og afmarkað friðhelgað svæði umhverfis fornleifar sem séu næst áætluðu framkvæmdasvæði.

Niðurstaða Björgunar ehf. um áhrif á menningarminjar

Landmótun lóðar á landi mun hafa bein neikvæð, varanleg og óafturkræf áhrif á mógraffir í mýrinni Fornugröfum. Sé tekið tillit til varðveislugildis mógrafanna séu áhrifin álitin óveruleg.

Bráðabirgðavegur að lóð Björgunar verji fiskibyrgi sem var metið í hættu vegna sjávarrofs.

Fornleifafræðingum beri ekki saman um hvort fiskibyrgin norðan Fornugrafa tengist kauphöfninni. Framkvæmdaraðili hafi dregið úr áhrifum á þessa minjaheild með því að afmarka framkvæmdasvæðið þannig að Sundakot og fiskibyrgi norðan Fornugrafa verði utan þess. Í ljósi þess séu áhrif á minjar á landi metin óveruleg.

Niðurstaða skráningar á minjum á hafslotni í Þerneyjarsundi bendi ekki til þess að þar séu minjar sem geti orðið fyrir raski vegna hafnarframkvæmdanna. Áhrif landfyllingar og dýpkunar séu því talin óveruleg eða engin á minjar á hafslotni.

3.5.2 Umsagnir og athugasemdir

Minjastofnun Íslands bendir á að ekki sé fjallað um fornleifar á Geldinganesi og við Kollafjörð í umfjöllun um valkosti og því sé samanburður ekki marktækur. Í staðarvalsumfjölluninni í frummatsskýrslu segi að staðsetning við Álfnesvík sé ekki gallalaus. Þar þurfi að raska svæði sem nú er að mestu óraskað en landslag og náttúrufar er ekki talið hafa ríka sérstöðu. Svæðið hafi ekki



mikið útvistargildi og það sé í nokkurri fjarlægð frá uppbyggingarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Við útfærslu svæðisins þurfi að gæta þess að lágmarka áhrif á minjar sem þarna eru í nágrenninu eins og kostur er.

Minjastofnun telur þessa niðurstöðu í hrópandi mótsögn við það sem fram hafi komið í skrifum Minjastofnunar um gildi svæðisins og er vísað til minnisblaðs stofnunarinnar frá því í október 2017 þar sem segir m.a.:

Ofanritaðar þrjár minjaheildir [Kauphöfn við Þerneyjarsund, Sundakot og Glóra], mynda í sameiningu búsetulandslag, sem vitnar um mannvist á svæðinu a.m.k. frá 14. öld fram á miðja 20. öld. Minjagildi hvers svæðis fyrir sig er afar hátt, en gildið felst ekki síður í þeim í sameiningu sem vitnisburður um sögu svæðisins í heild. Því yrði röskun á einu svæði til að rýra gildi hinna. Sem sögustaður vegur síðmiðaldahöfnin þyngst, enda má með nokkrum rökum kalla hana forvera Reykjavíkurhafnar og jafnvel kaupstaðarins í Reykjavík. Minjar smábýlanna tveggja gefa svæðinu svo enn aukið gildi, enda eru þessar þrjár minjaheildir á mjög afmörkuðu svæði og upplagt að nýta í þágu almennings til upplifunar, fróðleiks og útvistar. Mikilvægt er þá að gera svæðið vel aðgengilegt og veita greinargóðar upplýsingar um það menningarlandslag sem fyrir augu ber og sögulegt gildi þess.

Þá segir í umsögn Minjastofnunar:

Minjastofnun Íslands hefur vakið athygli á að gildi svæðisins á Álfnesi vestanverðu felst í búsetulandslagi sem myndar minjaheild. Á svæðinu eru óraskaðar minjaheildir bæjanna Glóru og Sundakots og verslunarstaðarins við Þerneyjarsund. Saman mynda þessi svæði eina heild þar sem finna má vitnisburð um lifnaðarhætti fólks á tveimur mikilvægum skeiðum í sögu byggðar við Kollafjörð. Á fyrri hluta 14. Aldar varð mikil breyting á viðskiptum við Ísland. Þá hófst útflutningur á skreið. Fyrir vikið urðu nýjar hafnir fyrir valinu, hafnir sem lágu vel við sjósókn. Höfnin í Þerneyjarsundi var ein þessara hafna. Minjastofnun Íslands tekur undir alít Borgarsögusafnsins sem telur að minjasvæði Sundakots og búðasvæði verslunarstaðarins við Þerneyjarsund séu einstakar minjar og engar líkar í Reykjavík, bæði hvað varðar aldur minjanna og menningarlegt gildi þeirra og eru fiskibyrðin hluti af því. Þá sé minjasvæði í Glóru einstakt, einkum vegna þess að það myndar óraskaða heild og er góður fulltrúi fyrir hjáleigu frá 20. öld í nágrenni Reykjavíkur. Fáir staðir státi af svo heillegum minjum sem sýna heilt bæjarstæði.

Að mati Minjastofnunar munu fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem koma á fyrir efnisvinnslusvæði með höfn og háum turnum á bletti í miðri minjaheild koma til með að raska verulega og varanlega minjagildi alls svæðisins á vestanverðu Álfnesi. Upplifunargildi staðarins, sem minjastaðar muni skerðast mikið og er vísað til þess hvernig upplifunargildi Kolviðarhóls hafi minnkað við tilkomu Hellisheiðarvirkjunar.

Minjastofnun Íslands bendir á að í 2. mgr. 23. gr. laga um menningarminjar segir að um fornleifar sem fyrirsjáanlega muni spillast vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar er þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort minjarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Í ljósi þessa áskilur Minjastofnun sér rétt til að koma með kröfur um rannsóknir á svæðinu á seinni stigum reynist þess þörf.

Þá segir í umsögn Minjastofnunar að það sé mikil einföldun, sem fram kemur í frummatsskýrslu, að niðurstaða fornleifakönnunar í sjó sé sú að ekki séu vísbendingar um að fornleifar finnist á framkvæmdasvæðinu. Minjastofnun bendir á að í niðurstöðum fornleifakönnunar komi fram að, vegna eðlis svæðisins sem verslunarstaðar, sé mögulegt sé að forminjar séu grafnar í set og komi aðeins í ljós við rask á hagsbotnimum. Í frummatsskýrslu komi ekki fram hvernig standa eigi að dýpkun þannig að tryggt verði að forminjam sem þar kunni að ley nast verði ekki raskað og að unnt verði að rannsaka þær. Minjastofnun áskilur sér rétt til að koma með kröfur um rannsóknir á hagsbotni á síðari stigum reynist þess þörf.

Í lok umsagnar Minjastofnunar segir að stofnunin hafi ítrekað komið þeirri skoðun sinni á framfæri að staðsetning athafnasvæðis Björgunar við Álfnesvík muni hafa eyðileggjandi og óafturkræf áhrif



á þá minjaheild sem bæjarstæði Glóru, minjar um kaupstað við Þerneyjarsund og bæjarstæði Sundakots mynda á Álfsnesi vestanverðu. Minjastofnun hafi margítrekað þá afstöðu sína að stofnunin geti ekki fallist á að athafnasvæði Björgunar verði við Álfsnesvík. Enn sé hægt að forða því menningarlega slysi sem staðsetning efnisvinnslusvæðis Björgunar við Álfsnesvík hljóti að verða. Minjastofnun Íslands hvetur enn og aftur þá sem málum ráði að endurskoða fyrirliggjandi áform um staðsetningu efnisvinnslusvæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Björgun hafi frá byrjun árs 2017 haft víðtækt samráð við Minjastofnun og það sé mat Björgunar að alvarlegt ósamræmi sé milli afstöðu Minjastofnunar á fyrri stigum málsins og þeirrar afstöðu sem fram komi í umsögn um frummatsskýrsluna. Stofnunin verði að gera sér grein fyrir því að mjög verulegir hagsmunir eru í húfi fyrir Björgun sem fyrirtæki og byggingariðnaðinn, sem fyrirtækið þjónar. Tafir valda gríðarlegum kostnaði og óhagræði. Gera verður ráð fyrir því að sú vending sem Minjastofnun hefur tekið í málinu, með mjög íþyngjandi afleiðingum, byggist á verulegum verndarhagsmunum sem stofnuninni hafi yfirsést á fyrri stigum. Fyrir því hefur stofnunin ekki fært nein rök.

Bent sé á að á áætluðu framkvæmdasvæði séu engar minjar tengdar áætluðu búðasvæði Þerneyjarhafnar, bæjarstæði Glóru eða fiskbyrgi. Niðurstöður fornleifaskráningar á Geldinganesi og við Kollafjörð myndu ekki breyta niðurstöðu kostamats.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnist við framkvæmdina þá skuli sá sem fyrir verkinu standi stöðva framkvæmdir án tafar.

3.5.3 Niðurstaða

Með hliðsjón af fornleifaskráningu Borgarsögusafns og umsagnar Minjastofnunar Íslands telur Skipulagsstofnun að svæðið á vestanverðu Álfsnesi við Þerneyjarsund, þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, eigi sér merka sögu og hafi mikil minja- og varðveislugildi. Á svæðinu eru þrjár minjaheildir sem hver um sig hefur hátt verndargildi og er ein þeirra síðmiðaldahöfn sem Minjastofnun telur að kalla megi forvera Reykjavíkurhafnar eða jafnvel kaupstaðarins í Reykjavík. Minjastofnun og Borgarsögusafn telja að minjasvæðið sé einstakt og engar minjar líkar í Reykjavík, bæði hvað varðar aldur minja og menningarlegt gildi þeirra.

Að mati Minjastofnunar eru minjarnar á svæðinu ein órjúfanleg heild sem í sameiningu mynda búsetulandslag sem vitnar um mannvist á svæðinu a.m.k. frá 14. öld fram á miðja 20. öld. Þá telur Minjastofnun að fyrirhuguð framkvæmd hafa eyðileggjandi og óafturkræf áhrif á minjaheildina og að staðsetning efnisvinnslusvæðisins hljóti að verða menningarlegt stórslys.

Skipulagsstofnun telur að útfærsla á framkvæmdasvæði sé til þess fallin að lágmarka beint rask á þeim menningarminjum sem sé að finna á svæðinu. Ákveðin óvissa er þó uppi varðandi áhrif landfyllingar og dýpkunar í Þerneyjarsundi á minjar sem kunna að leynast í seti.

Þrátt fyrir að beint rask á minjum verði ekki mikil er það mat Skipulagsstofnunar, með hliðsjón af umsögn Minjastofnunar Íslands og fornleifaskráningu Borgarminjasafns Reykjavíkur, að framkvæmdin muni raska þeirri minjaheild sem finna má á vestanverðu Álfsnesi og að áhrif á menningarminjar verði verulega neikvæð, bein og óafturkræf.

Skipulagsstofnun telur að í ljósi gildi minja á svæðinu sé sérstakt tilefni til að vinna deiliskipulag fyrir umrædd minjasvæði, með það að markmiði að tryggja varðveislu þeirra minja, eftir því sem kostur er.



3.6 Náttúruminjar

3.6.1 Mat Björgunar ehf

Í matsskýrslu Björgunar ehf. kemur fram að á framkvæmdasvæðinu séu engin náttúruverndarsvæði en næstu verndarsvæði séu Þerney, sem er á C-hluta náttúruminjaskrár og er hverfisvernduð og Leiruvogur sem sé á C-hluta náttúruminjaskrár. Ólíklegt sé að áhrif á strönd Þerneyjar verði veruleg. Framkvæmdasvæðið sjáist ekki frá Leiruvogi en breytingar á ásýnd verði frá Þerney sem skoða ber í samhengi við áhrif á ásýnd úr Þerney á urðunarstað Sorpu, gas- og jarðgerðarstöð og væntanlega Sundabraut.

Niðurstaða Björgunar ehf. um áhrif á náttúruminjar

Á Álfnesi eru engin verndarsvæði, friðlýst svæði eða jarðmyndanir sem njóti sérstakrar verndar. Framkvæmdasvæðið muni sjást vel frá austurhluta Þerneyjar. Áhrifin eru óbein og varanleg en taka ekki til umfangsmikils svæðis og teljist óveruleg.

3.6.2 Umsagnir og athugasemdir

Umhverfisstofnun telur áhrif framkvæmdarinnar á náttúruminjar verði óveruleg.

3.6.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur líklegt að áhrif framkvæmdarinnar á náttúruminjar verði óveruleg. Ef áhrif af breyttu öldufari verða meiri en áætlað er í matsskýrslu eru þó líkur á áhrifin verði nokkuð neikvæð og því mikilvægt að fylgst verði með áhrifum á strandsvæði Þerneyjar. Einnig telur Skipulagsstofnun að það sé alltaf möguleiki á því að slys verði við eða á athafnasvæðinu og að áhrif frá óhöppum geti haft áhrif á bæði verndargildi Leiruvogs og Þerneyjar og því mikilvægt að gerð verði aðgerðaáætlun til að bregðast við ef mengunarslys verði svo unnt sé að lágmarka þau áhrif eftir fremsta megni.

3.7 Samfélag

3.7.1 Mat Björgunar ehf

Fyrir samfélagið er aðgengi að jarðefnum mikilvægt fyrir hvers konar uppbyggini. Þróunin hefur verið sú að sífellt lengra þarf að sækja frá þéttbýli í námur og meira landi er raskað. Efnisnám Björgunar af hafsbotni dregur úr þörf fyrir efnisnám á landi og með staðsetningu á Álfnesi verður auðvelt að nálgast jarðefnin. Þá minnkar áframhaldandi vinnsla úr efnisnánum á hafsbotni þörfina fyrir að opna nýjar námur á landi.

Hljóðvist.

Í matsskýrslu Björgunar ehf. kemur fram að ef allri framleiðslu Björgunar yrði keyrt í burtu samdægurs gætu það verið u.þ.b. 150 bílar/dag lauslega áætlað og ef þeir færðu allir gegnum Mosfellsbæ myndi hlutfall þungra bíla á veginum hækka um u.þ.b. eitt prósent. Áhrif þeirrar breytingar á hljóðvist meðfram Vesturlandsvegi verði óveruleg. Næstu þéttbýlu íbúasvæði séu í yfir 2 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu en litlar líkur séu á því að ónæði þar verði verulegt. Bent er á að með tilkomu Sundabrautar geri umferðarspár ráð fyrir um 11-12 þús. bíla umferð á sólarhring á veginum sem muni hafa töluverð áhrif á þessu svæði.

Niðurstöður hljóðvistarútreikninga bendi til þess að hljóðstig á sunnanverðri lóð Björgunar geti verið fyrir ofan þau mörk sem sett eru fyrir hljóðstig við húsvegg byggingar á iðnaðarsvæðum. Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi og tillögum um útfærslu á lóð Björgunar sé ekki gert ráð fyrir byggingum sem starfsfólk dvelur í að jafnaði innan þessa svæðis.



Fram kemur að starfsfólk á svæðinu noti heyrnarhlífar, auk þess sem einhver skermun sé í stýrishúsi tækja. Þá sé lóðin ágætlega skermuð frá landi í norður, austur og suður þar sem lóðin er skorin inn í landið og hæðarmunur á plani á lóð og landinu í kring. Í deiliskipulagi sé gert ráð fyrir mönum austur af lóðinni og trjábelti, sem einnig muni hafa jákvæð áhrif á hljóðvist.

Rykmenugun.

Fínefni munu safnast saman í setlóni og með því verði dregið mjög úr hættu á foki þeirra. Í lónunum mun gæta sjávarfalla auk þess sem efnið verði fyrstu 10 árin undir sjávarmáli og hægt verði að setja upp vatnsúðakerfi ef þörf krefur. Líkur á foki er úr fullunnum efnishaugum sem er tilbúið til sölu sé mjög lítið vegna kornastærðar þess efnis.

Útvist.

Í nágrenni við framkvæmdasvæðið eru opin svæði sem eru notuð til útvistar en talningar sem sýna notkunina liggja ekki fyrir.

Niðurstæða Björgunar ehf. um áhrif á samfélag

Áhrif vegna foks og umferðar eru líkleg til að verða óveruleg. Útreikningar sýna að hljóðstig frá starfsemi við hús í nágrenninu og innan lóðar verði vel innan marka. Styttra er í Álfnesvík af uppbryggingarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu en í nánum á landi, sem annars þyrfti að sækja í. Áhrif eru bein, jákvæð og varanleg.

3.7.2 Umsagnir og athugasemdir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á að athuga þurfi sérstaklega að hávaði geti magnast upp við endurkast í Esjuhlíðum eins og raunin er með hávaða frá nærliggjandi skotvöllum og orðið meiri en gert sé ráð fyrir í hefðbundnum útreikningum. Skoða þurfi betur staðbundin áhrif hávaða á íbúa í Víðinesi, þar sem gilda önnur hávaðamörk en á iðnaðarsvæði og ónæði geti orðið meira en hefðbundnhir útreikningar geri ráð fyrir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hávaði var reiknaður upp að Esjubrúnum og niðurstöður gefi ekki tilefni til að ætla að hann verði yfir mörkum að neinu leyti og hljóðstig frá starfseminni er nánast hverfandi miðað við umferðarhávaðann frá Vesturlandsvegi. Að hávaði frá efnisvinnslu í Álfnesi muni bergmála frá Esjunni eigi ekki við rök að styðjast. Hljóðvistarreikningar sýni að áhrif verði óveruleg fyrir íbúa í Víðinesi og innan marka fyrir kyrrlát svæði.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á að gera þurfi betur grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna foks af svæðinu, en lítið sé gert úr fokhættu. Vísað er til vandamála er komið hafa upp á núverandi vinnslusvæði Björgunar og þurfi að koma fram hvernig standa eigi að vökvun á langvarandi þurrkatímabilum, eins og á liðnu sumri. Bent sé á að í næsta nágrenni sé Víðines, félagslegt leiguþúsnaði að því er best er vitað og starfsstöðvar ýmissa fyrirtækja séu þar í kring.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að á efnisvinnsluslusvæðinu við Sævarhöfða hafi fínefnum verið mokað upp í hauga og úr þeim fokið. Á Álfnesi verði fínefni í setlóni og blotni reglulega vegna sjávarfalla og hægt að setja upp vatnsúðakerfi ef þörf krefji. Sama og ekkert fok sé úr sand- og malarhaugum með mjög lágu fínefnainnihaldi.

Reykjavíkurborg bendir á að lítið sé fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á útvist sem bent var á í umsögn um matsáætlun að bæri að gera. Ljóst sé að framkvæmdin muni hafa áhrif á upplifun þeirra sem stunda útvist við Þerney og hefði því verið rétt að fjalla um það.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Þerney sé mjög fáfarin og ekki talin til útvistarsvæða í aðalskipulag í Reykjavíkur. Þekkt sé að kajakræðarar fari stundum um Þerneyjarsund en leið þeirra liggi utan framkvæmdasvæðis Björgunar og ljóst að framkvæmdin muni hafa áhrif á upplifun þeirra. Áhrif á Þerney og umhverfi hennar sé rétt að skoða í samhengi við áform um Sundabraut.



Kajakklúbburinn bendir á að á vegum hans séu reglulegar ferðir um Þerney og Þerneyjarsund og aukin skipaumferð valdi áhyggjum. Strandlengja Reykjavíkur og eyjar séu dýrmæt til útvistar og náttúruskoðunar og mikilvægt að framkvæmdin rýri ekki þau tækifæri innan borgarmarkanna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vísbindingar séu um það í gögnum frá Strava að ferðir kajakræðara liggi almennt ekki um framkvæmdasvæðið. Ekki sé hægt að draga þá ályktun að tækifærum til útvistar á bátum/kajökum um Þerneyjarsund fækki, en áhrif verða vegna breytingar á umhverfinu. Á rekstrartíma Björgunar séu líkur til að skip fari tvær til þrjár ferðir á dag til að sækja efni og miðað við reynslu síðustu ára í 8-10 daga að jafnaði í mánuði.

Umhverfisstofnun bendir á að það fari eftir því hvar uppbyggingin sé á höfuðborgarsvæðinu hvort svæðið á Álfnesi sé nær en aðrir efnistökustaðir og hafi jákvæð áhrif. Akstur frá Álfnesi sé aðeins hluti af flutningi, fyrst þurfi að dæla upp efninu og sigla með það.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að lokun starfsemi Björgunar við Sævarhöfða hafi þegar haft þau áhrif að lengra er að sækja efni en var áður og myndi hafa verulega jákvæð áhrif ef hægt væri að sækja efni í Álfnesvík í stað þess að sækja það til Hvalfjarðar- eða Melasveitar. Flutningabíll taki 14-15 m³ í ferð en bátur 1200 m³. Eðliseiginleikar brotins efnis séu verri, slíti tækjum og renni verr en efnis af sjávarbotni.

Umhverfisstofnun bendir á að það vanti niðurstöður frummælinga sem hljóðstigsútreikningar eru byggðir á svo hægt sé að taka afstöðu til þeirra. Bent er á að hávaði á iðnaðarsvæði megi ekki fara yfir 70 dB(A) við húsvegg en samkvæmt líkani muni þau mörk ná út fyrir lóðamörk. Óvissa sé um hávaða frá starfseminni sem kann að berast langt vegna lítilla hindrana og truflun á lífríki verði einhver.

Umhverfisstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á samfélag verði talsvert neikvæð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt útreikningum og niðurstöðu VSÓ ráðgjöf uppfylli hljóðvist vegna starfseminnar öll skilyrði reglugerðar um hávaða.

Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í matsskýrslu.

3.7.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir og rekstur geti valdið efnisfoki, sér í lagi í ljósi eðlis athafnasvæðisins og að vindasamt sé á Álfnesinu. Með boðuðum mótvægisáðgerðum sé þó hægt að lágmarka áhrif vegna efnisfoks. Svæðið er líklegast ekki mikið notað sem útvistarsvæði og litlar líkur samkvæmt hljóðvistarlíkönum að hljóðvist eigi eftir að fara yfir viðmið reglugerðar. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á samfélag séu háð ákveðinni óvissu en líklegast sé að áhrifin verði óveruleg.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhugar framkvæmdir við Álfnesvík eru ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, en tillögur að breytingum á aðal- og svæðisskipulagi og tillaga að deiliskipulagi fyrir framkvæmdasvæðið voru auglýstar samhliða kynningu frummatsskýrslu.

Við kynningu frummatsskýrslu hefur Minjastofnun Íslands vakið athygli á og undirstrikað gildi minja á og í nánd við framkvæmdasvæðið. Þá var gildi minjanna einnig undirstrikað í fornleifaskráningu Borgarsögsusafns Reykjavíkur. Skipulagsstofnun telur í ljósi þess sérstakt tilefni til að vinna deiliskipulag fyrir umrædd minjasvæði, með það að markmiði að tryggja varðveislu þeirra minja, eftir því sem kostur er.



Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. skipulagslögum og byggingaleyfi Reykjavíkurborgar skv. lögum um mannvirki.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Framkvæmdin er háð nýtingarleyfi Orkustofnunar samkvæmt lögum um eignarétt íslenska ríkisins á auðlindum hafssins.

Framkvæmdin er háð leyfi Minjastofnunar samkvæmt lögum um menningarmínjar.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstrik og mengunarvarnaeftirlit.

Við framkvæmdina þarf að fara að ákvæðum hafnalaga og vitalaga og setja hafnarreglugerð fyrir nýja höfn. Lagning sæstrengja og neðansjávarlagna er háð samþykki Samgöngustofu.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Björgunar ehf. sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Fyrirhugað er að flytja starfsemi Björgunar frá Sævarhöfða í Reykjavík að Álfnesvík á Álfnesi. Framkvæmdir felast meðal annars í gerð landfyllingar og dýpkunar innsiglingar, gerð viðlegukants og bráðabirgðavegar. Efnispörf vegna landfyllingar er áætluð 435.000 m³ og er áætlað að efni komi úr skeringum á landi og úr dýpkun innsiglingar auk efnis frá athafnasvæði.

Í undirbúningi framkvæmdarinnar voru sex valkostir skoðaðir fyrir mögulega staðsetningu athafnasvæðis Björgunar. Þær staðsetningar voru Sundahöfn, Gufunes, Geldinganes, Álfnesvík, við Álfnesbæinn og á Álfnesi við Kollafjörð. Niðurstaða framkvæmdaraðila var sú að fyrirhugaður framkvæmdakostur við Álfnesvík sé besti kosturinn, m.a. vegna meiri fjarlægðar frá byggð auk þess sem þar séu náttúrulegar aðstæður til landmótunar og hafnargerðar hagstæðar.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði á menningarmínjar á vestanverðu Álfnesi við Þerneyjarsund. Með hlíðsjón af umsögn Minjastofnunar Íslands og fornleifaskráningu Borgarsögusafns Reykjavíkur telur Skipulagsstofnun að um sé að ræða einstakt minjasvæði. Þrátt fyrir að beint rask á minjum verði takmarkað þá munu framkvæmdir rýra gildi svæðisins og valda miklu raski á því merka menningarlandslagi sem þar er að finna. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á menningarmínjar verði verulega neikvæð, bein og óafturkræf.

Hvað varðar önnur áhrif af framkvæmdunum er ljóst að óraskað svæði raskast, bæði vegna landfyllingar, dýpkunar og landmótun lóðar. Ásýndarbreytingar munu verða bæði vegna landmótunar og landfyllingar en þar sem athafnasvæðið er grafið niður eiga ásýndaráhrif að vera minni en ella. Engu að síður er ljóst að nær óraskað land- og fjörusvæði mun taka á sig mynd iðnaðar- eða athafnasvæðis með tilheyrandí ásýndarbreytingum.

Að mati Skipulagsstofnunar koma áhrif á botndýralíf og sjávarbotn til að með að vera nokkuð neikvæð, bein og óafturkræf með tilliti til umfangs rasks sem verður á botni við Þerneyjarsund. Einnig telur stofnunin óvist hver áhrif framkvæmdarinnar verði á botndýralíf í nágrenninu, s.s. vegna gruggmyndunar og telur stofnunin mikilvægt að í starfsleyfi sé kveðið á um vöktun á gruggmyndun og ákvæði um mögulega úrbætur á setlóni til þess að draga úr áhrifum.



Skipulagstofnun telur að áhrif vegna aukinnar ölduhæðar og skerspennu sé óvissu háð og tekur stofnunin undir með Náttúrufræðistofnun að eðlilegt sé að fylgst verði með að niðurstöðum áhrifa og að vöktun ætti að vera tiltölulega fyrirhafnarlítil vegna nálægðar áhrifasvæðis við áætlað athafnasvæði.

Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar sem gerð er grein fyrir í matsskýrslu Björgunar.

Reykjavík, 6. mars 2020.

Egill Þórarinsson
Egill Þórarinsson

Jón Þórir Þorvaldsson
Jón Þórir Þorvaldsson

